



# Samskipti Ragnars Gunnarssonar við sendiráð Sovétríkjanna

---

Bjarni Benediktsson – Stjórn­mál – Dómsmálaráðherra – Heilbrigðismálaráðherra – Skýrsla – Sovétríkin  
– Njós­nir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórn­málamaðurinn  
Askja 2-28, Örk 9

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík,

Hér með leyfi ég mér allra virðingarfyllst að senda yður, herra dómsmálaráðherra, skýrslu um skipti þau er Ragnar Gunnarsson, Reykjavöllum í Mosfellssveit, hefur átt við starfsmenn sendiráðs Ráðstjórnarríkjanna hér í borg, svo og um aðgerðir þær, sem gerðar hafa verið vegna máls þessa:

Laugardaginn 5. janúar hringdi heim til mín maður, er kvaðst heita Ragnar Gunnarsson, Reykjavöllum í Mosfellssveit, en mann þennan þekkti ég ekki og vissi eigi heldur hver var. Kvaðst hann þurfa að ræða við mig mjög þýðingarmikið mál. Mæltist hann til þess að fá samtál við mig þá þegar sama dag. Varð að ráðum, að hann kæmi heim til mín laust eftir klukkan 16.00 dag þennan, sem hann og gerði. Sagði hann mér í fáum orðum, að starfsmenn sóvézka sendiráðsins hér í borg hefðu farið þess á leit við sig, að hann aflaði upplýsinga eða njósnaði fyrir þá hér á landi. Lét hann mig jafnframt fá umslag, sem hann kvað innihalda skýrslu sína um mál þetta og bað mig lesa hana. Í umslaginu var skýrsla hans, fjórir 1000 króna seðlar, íslenskir, og nafnspjald manns, Ivan V. Alipov, er Ragnar kvað hafa verið starfsmann sóvézka sendiráðsins hér í borg. Í skýrslu sinni skýrir Ragnar frá skiptum sínum við starfsmenn sendiráðs þessa, að því er séð verður allitarlega. Um 1000 króna seðlana, er í umslaginu voru

vil ég þó geta þess, að Ragnar tjáði mér, að þeir myndu ekki vera sömu seðlarnir, sem sendirásstarfsmennirnir skildu eftir heima hjá honum, þar eð eigin kona hans hefði ruglað þeim sama við aðra samskonar seðla, en einhverjir þeirra hefði verið notaðir til innkaupa fyrir heimili þeirra. Ragnar tjáði sig fásan til að starfa með íslenskum yfirvöldum að því að upplýsa mál þetta eftir því sem fäng varu á, og var raunar ekki annað skilið af erindi hans en hann sakti þess.

Skýrsla só er Ragnar Gunnarsson afhenti mér hljóðar svo:

"Í byrjun októbermánaðar ársins 1953 barst mér boð frá Anti Fascist Committee of Soviet Youth fyrir milligöngu Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna (M.I.R.) um þátttöku í íslenskri eskulýðssendinefnd til Ráðstjórnarríkjanna þa skömmu síðar. Síðar í sama mánuði fór ég ásamt 7 öðrum Íslendingum til Ráðstjórnarríkjanna, og dvöldumst við þar í tæplega mánuð á vegum fyrrnefndra samtaka.

Í sambandi við vegabréfsáritun fyrir ferð þessa kynntist ég lítið eitt Vassilji Ivanov, þá sendiráðsritara við sendiráð Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík, og hitti hann einstaka sinnum á árunum 1954-55, m.a. á ýmsum samkomum á vegum M.I.R. Á einni þessara skemmtana bauð hann mér að heim-sækja sig, og þáði ég það boð, en aldrei kom fram í við-ræðum okkar að hann hefði með höndum hliðstæð störf og eftirmaður hans, Ivan V. Alipov, er síðar kemur við sögu. Eftir þetta höfðu sovétkir sendiráðsstarfsmenn ekkert sam-band við mig, og ég ekki við þá, fyrr en í aprílmánuði árið 1959. Á þeim tíma var ég búsettur ásamt fjölskyldu minni í risheð hússins Vínólástíg 21 í Kópavogi. Kvöld

eitt í apríl 1959 fékk ég óvænt heimsókn manns eins, er kynnti sig sem l. ritara í sovétzka sendiráðinu, Ivan V. Alipov. Bar hann mér kveðju Yri Stephanovich, er verið hafði túlkur og leiðsögumaður æskulýðssendinefndarinnar meðan á dvöl okkar stóð í Sovétríkjunum. Bauð ég honum að ganga inn, en hann kvaðst ekki hafa tíma til að tefja neitt. Hinsvegar sagðist hann þurfa að ræða við mig árlöndi málefni, fékk mér nafnspjald sitt og skrifaði á það heimilisfang sitt og símanúmer. Bað hann mig að hringja til sín, þegar ég gæti komið.

Um þessar mundir hafði ég ákveðið ásamt öðrum manni, Þorsteini Kristjánssyni, er búsettur var í sama húsi, að hefja vöruflutninga með bifreiðum til Austfjarða. Höfum við fest kaup á tékkneskri vörubifreið af Praga-gerð í þessu skyni, og unnum við að yfirbyggingu hennar á þessum tíma. Vegna mikils annríkis dróst það því nokkuð, að ég hefði sambandi við Alipov, og var það því ekki fyrr en í maímánuði, sem ég heimsótti hann fyrst á heimili hans, Eskihlíð 18 a, Reykjavík. Spurði hann fyrst almennt um hgi mína, hverskonar atvinna það væri, sem ég væri að búa mig undir, o.s.frv. Síðan vék hann talinu að málefnum Sósíalístaflokksins og hinnar sósíalístísku hreifingar, en ég var þá og síðan flokksbundinn sísíalsíti. Skömmu eftir þetta, eða í lok maímánaðar, höfum við Þorsteinn vöruflutningana austur á firði, og var því mjög lítið hér syðra næstu mánuði. Sjálfur hafði ég ekki síma, en hinsvega var sími í íbúð Þorsteins, sem ég hafði aðgang að, og sagði Bryndís Karlsdóttir, kona Þorsteins, mér, að útlendingur hringdi mjög oft til þeirra og spyrði um mig og hvenær mín væri von, þegar ég var ekki viðstaddur.

Þóttist ég vita, að þetta mundi vera Alipov, enda bað hann Bryndísi einhvern tíma fyrir skilaboð um að hringja í símanúmer það, sem hann hafði gefið mér upp, en ekki gaf ég mér tíma til að sinna því. Þegar leið á sumarið tók að verða vart bilana í bifreiðinni, og eitt sinn um mitt sumar, sennilega í júlímánuði, þegar ég hafði óvenju langa viðvöl í þænum vegna bilunar á bifreiðinni, þá náði Alipov sambandi við mig. Var þetta laust eftir hádegi. Bað hann mig að skreppa til sín, og gerði ég það. Þegar ég kom til hans kvað hann syndsamlegt að sitja inni í svo góðu veðri og spurði mig, hvort við ættum ekki að fara í stutta ökuferð. Fórúm við í bifreið hans af Moskovitchgerð, R-10281 CD, og okum við sem leið liggur Reykjanesbraut, Vífilsstaðaveg að hrauninu suður af Vífilsstöðum. Nam hann þar staðar. Hóf hann þá umræður um mál, sem hann hafði ekki fytjað upp á áður. Talaði hann í fyrstu lengi um friðarvilja Sovétríkjanna og stefnu þeirra yfirleitt í alþjóðamálum. Hinsvegar kvað hann heimsfriðnum stafa mikil hættu af Bandaríkjunum og bandalagsríkjum þeirra og fullyrkti, að einn líðurinn í stríðsundirbúningi þessara þjóða gegn Sovétríkjunum væri sá, að Atlantshafsbandalagið hygðist koma upp hér á landi kaþátastöðvum eða jafnvel eldflaugastöðvum og kvaðst óttast að nú þegar væru uppi slíkar ráðagerðir. Sagði hann, að Sovétríkjunum mundi stafa geigvenleg hættu af slíkum stöðvum, ef upp yrðu settar hér á landi og þyrftu þau því nauðsyfllaga að fá vitneskju um slíkar ráðagerðir með nægum fyrirvara. Lagði hann á það áherslu, að ég mundi geta orðið sér mjög hjálplegur við að grafast fyrir um slíkar fyrirætlanir. Þessar umleiðnir komu mér mjög á óvart. Taldi ég lítil líkindi til þess

að mér yrði fyrr kunnugt um framkvæmd þessháttæðra ráðagerða, ef raunverulegar væru, heldur en öllum almenningi, og þar á meðal honum sjálfum. Hefði ég enga trú á, að hér tækist að varðveita slíkt leyndarmál, þar sem blöð hér skrifuðu yfirleitt mjög opinskátt um þessi mál. Gæti það ekki heldur farið leynt, ef farið yrði að koma hér upp svo viðamiklum stöðvum, sem kaþbátastöðvar eða eldflaugastöðvar hlytu að vera. Við getum ekki beðið eftir því, að þessar framkvæmdir verði hafnar, sagði hann þá. Þá er það um seinan. Endurtók ég mínar fyrri fullyrðingar um að ég hefði enga aðstöðu til að komast á snoðir um fyrirætlanir í þessa átt. Eftir nokkrar frekari viðræður í sama anda og hér á undan segir, þá felldi hann niður talið, en sagði að lokum, að við yrðum að finna einhverja leið. - Nokkru síðar um sumarið náði Alipov svo sambandi við mig að nýju og spurði mig þá, hvort ég hefði nokkuð frétt af þeim málefnum, sem hér hefur verið skýrt frá, sem ég hafði auðvitað ekki, þar sem ég var í stöðugum ferðum milli Austfjarða og Reykjavíkur og átti yfirleitt mjög annríkt.

Í ágústmánuði 1959 höfðum við Þorsteinn Kristjánsson tekið í notkun aðra bifreið af Praga-gerð til flötninganna og mun ég nú víkja nokkuð að þeim erfiðleikum, sem við áttum í vegna siendurtekinna bílana bifreiðanna að því leiti, sem þeir hafa þýðingu í sambandi við þetta mál. Í októbermánuði hafði vél eldri bifreiðarinnar brotnað á veginum um Mývatnsöræfi, en fyrir þennan tíma höfðu ýmsar aðrar bílanir orðið á bifreiðunum. Snérum við Þorsteinn okkur þá með kvartanir okkar til Tékkneska bifreiðaumboðsins, sem kom á fundi með okkur og Vladimir

Stochl, verzlunarfylltrúa tókneska sendiráðsins. Gerðum við honum grein fyrir umkvörtunum okkar vegna þeirra galla, sem fram höfðu komið á bifreiðunum, og kvaðst hann mundu skrifa til verksmiðja þeirra, sem framleiddu bifreiðarnar og óska eftir því, að þar sendu til landsins sérfræðing til þess að rannsaka málið. Tók umleitunum okkar öllum mjög vel á þessu stigi og kvaðst skyldu ábyrgjast okkur það sem fulltrúi Motokov útflutningsfyrirtækisins, að við fengjum tjón okkar bætt, hver svo sem yrði niðurstaða sérfræðingsins eða verksmiðjanna um eðli bilananna. Leið svo fram í nóvember og vað ófært austur vegna snjóá, en þá hættum við akstri um sinn. Um miðjan nóvember hringir Alipov enn til mín og óskar eindregið eftir því, að ég komi á hans fund. Hélt hann fyrst yfir mér mjög langan fyrirlestur um nýlendustefnu og gerfilyðræði hinna vest-rænu ríkja, en snéri sér síðan að því, sem honum lá á hjarta. Talaði hann þá um atvinnu mína við flutninganna, sem hann kvað hina mestu fjarstaðu, að ég skyldi gefa mig að; þessi viðleitni mín væri algjörlega út í hött því að ég gæti aldrei orðið kaptialisti. Var Alipov, þegar hér var komið, orðinn allhreifur af víni, og talaði með þungum áherzlum og tilheyrandi handahreifingum, og sagði: "I tell you the truth. You will never become a capitalist". Síðan sagði hann að mín biðu þýðingar-meiri verkefni og útlistaði nú nánar, hver þau verkefni væru. Sérstaða mín sem Íslending, er skildi málið, sem hér væri talað, þekkti fjölda manna o.s.frv., þetta allt gerði mér kleift að öðlast vitneskju um svo til hvaða mál, sem ég vildi. Nefndi hann sem dæmi, að koma þyrfti manni inn á Keflavíkurflugvöll, fylgjast með því sem gerðist í Hvalfirði o.s.frv., o.s.frv.



Það væri mitt verkefni að skipuleggja þessa starfsemi, velja hæfa starfskrafta og fleira slíkt. Spurði ég hann nú, hvernig hann ímyndaði sér að hægt væri að fá menn til þess að taka að sér þessháttar verk. Svaraði hann þá: Fyrir peninga. Taldi hann, að enginn maður væri svo ríkur, að hann gæti ekki hugsað sér að eignast svolítið meiri peninga. Í sambandi við þessi mál þyrfti ég ekki annað en að koma til hans til þess að fá peninga, sagði hann. Ef ég þyrfti t.d. að gefa einhverjum brennivín til að nálgast hann, þá gæti ég keypt það eftir því sem mér þóknaðist. Greip hann þegar í vasann, tók þaðan hrúgu af loo króna seðlum, stóð síðan upp, sagði, að þetta væri ekki nóg, gekk síðan eitthvað framfyrir og kom þaðan aftur með þykkt seðlabúnt. Vildi hann endilega, að ég tæki við einhverjum peningum af sér þá þegar, en ég hafnaði því. Gekk Alipov nú enn mjög á mig að taka að mér skipulagningu slíkrar starfsemi fyrir sig, sem ég hafnaði að sjálf-sögðu algörlega. Benti ég honum á, að ég kynni vel við mig í því starfi, sem ég nú stundaði, og hefði alls ekki í hyggju að hætta því. Mótbárur þessar höfðu aðeins þau áhrif á hann, að hann varð öllu æstari en fyrr, og endurtók í sífellu: "You must do it, You must do it". Kvaddi ég Alipov fljótlega eftir þessi orðaskipti, og var ég mjög reiður, er ég yfirgaf hann, enda bjóst ég nú við að vera endanlega laus við slíkar málaleitanir af hans hálfu.

Skömmu eftir þetta áttum við Þorsteinn annan fund með Sto Stockl verzlunarfulltrúa, en þá hafði sérfræðingur verk-smiðjanna lokið rannsókn sinni á máli okkar. Brá nú svo

við, að Stockl hélt því fram, að við sjálfir bærum alla sök að bilunum bifreiðanna, sem við mótmæltum eindregið. Minntum við hann auk þess á loforð hans um fullar betur okkur til handa, hver svo sem yrði niðurstaða sérfræðingsins, en hann vildi nú ekkert við þau kannast og brást hinn reiðast við. Höfðum við fyrir þennan tíma látið gera mjög nákvæma skýrslu um bilanir þær, sem fram höfðu komið á bifreiðunum, sem viðskiptamálaráðuneytið fékk síðar í hendur, sem og Tékkneska bifreiðaumboðið. Þegar hér var komið sögu og eftir þessi óvæntu og óhagstæðu viðbrögð Stockl verzlunarfulltrúa, þóttist ég sjá fram á algjörlega fjárhagslegt hrun, þar sem allar eigur mínar og meira en það voru bundnar í bifreiðunum, en þær hinsvegar sáralítils virði, eins og þær voru þá á sig komnar, og ákvað ég því að reyna allar leiðir, sem ég taldi færar til þess að fá leiðréttingu mála minna. Ræddi ég m.a. við Inga R. Helgason, þáverandi framkvæmdastjóra Sósíalistaflokksins, skýrði honum frá málavöxtum og innti hann eftir því, hvort hann treystist til - sem framkvæmdastjóri Sósíalistaflokksins og (eða) lögfræðingur- að taka málið í sínar hendur. Hafði ég heyrt, að Ingi hefði áður tekið hliðstætt mál að sér, sem fengið hefði jákvæðar lýktir fyrir viðkomandi mann, og kvað hann það rétt vera, Mál þetta hefði verið þannig vaxið, að ákveðinn maður hafði fest kaup á tékkneskri Tatra-vörubifreið, sem síðar vægast sagt reynst mjög illa. Kvaðst Ingi hafa tekið mál þetta að sér fyrir manninn og fengið því áorkað við tékkneska sendiráðið, að hann hefði fengið tjón sitt bett. Þó taldi hann sér ekki fært að hafa afskipti af máli mínu.

Þá snéri ég mér til Þorvaldar Þórarinssonar, lögfræðings, sem skrifaði mjög ákveðið bréf til tékkneska sendiráðsins út af máli þessu, þar sem hannbenti m.a. á, að þessi atvik gætu hæglega orðið vatn á myllu þeirra afla héraðs, sem fjandsamleg væru viðskiptum Íslands og hinna sósíalístísku ríkja. Þessu bréfi var þó aldrei svarað. Nokkru síðar snéri ég mér því til viðskiptamálaráðuneytisins og fór fram á fyrirgreiðslu þess, sem allöngu síðar bar nokkurn árangur. Var mig nú tekið að gruna - vegna þeirra gífurlegu áherzlu, sem Alipov hafði áður lagt á það, að ég hætti vöruflutningunum til þess að ég gæti helgað mig njósnastarísemi fyrir hann - að hann ætti e.t.v. einhvern þátt í hinum skyndilagu sinnaskiptum Stockl verzlunarfúlltrúa, en honum voru áður ljósir þeir erfiðleikar, sem ég átti í vegna þessara viðskipta. Hafði Alipov fljótt eftir þetta samband við mig að nýju þrátt fyrir hinar köldu kveðjur, sem með okkur höfðu orðið síðast, þegar við hittumst, og varð ég við tilmalum hans um að hitta hann, þar sem ég hugðist reyna að ganga úr skugga um, hvort þessi grunur minn væri á rakum reistur. Skýrði ég því fyrir honum viðskipti okkar Stockl allt frá upphafi, sýndi honum framm á þær afdrifaríku afleiðingar, sem það mundi hafa fyrir mig, ef ég fengi ekki leiðréttingu mála minna og orðaði það við hann, hvort hann mundi ekki geta haft áhrif á ákvörðun Stockl. Tók hann því mjög ólíklega, þar sem hann gæti ekki haft slík afskipti af gerðum starfsmanna annara sendiráða. Virtist Alipov ekki líta þetta mál alvarlegum augum, enda minnti hann mig á fyrra tilboð sitt skömmu síðar, og þyrfti ég ekki annað en að ganga að því - þá væri mér fjárhagslega borgið.

Vegna þessara effiðleika fór svo eins og ég hefði séð fram á, að ég varð að hætta flutningastarfsemi minni, en nokkru áður, eða skömmu eftir áramótin 1959-60 hafði ég flutst búferlum úr Kópavogi í Sigluvog 12 í Reykjavík. Hitti ég nú Alipov ekkert um nokkura mánaða skeið, þar sem honum mun ekki hafa verið kunnugt um hvar ég væri niður kominn og eins minnir mig, að hann segði mér síðar, að hann hefði um skeið á þessu tímabili verið á brott af landinu. Var það því ekki fyrr en haustið 1960 sem hann hefur samband við mig að nýju og biður mig að hitta sig. Var hann mjög ánægður með, að ég skyldi hætta flutningunum, þar sem ég hefði þá betri aðstöðu til þess að sinna þeim þýðingarmiklu verkefnum, sem hann taldi bíða mín. Þar sem ég tók í málaleitnair hans um skipulagningu á og þátttöku í njósnum á sama hátt og fyrr, lét hann þó loks af kröfum sínum um þau efni. Og í þau skipti, sem ég hitti hann eftir þetta, snérist tal hans mestmegnis um málefni Sósíalistaflokksins og íslenskra stjórnmál. Var honum auðheyrilega fyllilega kunnugt um þau átök, sem átt hafa sér stað í Sósíalistaflokknum og hafði áhuga á að kynnast þeim frá sem flestum hliðum. Eitt sinn, er ég hitti hann um vorið 1961 sagði ég honum frá því, að ég hefði í hyggju að fara í stutt ferðalag um hvítasunnuna og hitta m.a. góðan kunningja minn á Snæfellsnesi. Spurði Alipov mig þá, hvort ég yrði ekki eitthvað á ferð í námunda við Lór-anstöðina á Snæfellsnesi, og kvaðst ég mundu fara þar framhjá. Kvaðst hann þá hafa mikinn áhuga á að fá mynd af stöðinni, bað mig endilega að taka slíka mynd og kvaðst ég skyldu athuga það. Sagði ég honum þó, að ég gæti að sjálfsögðu ekki náð annarskonar myndum af stöðinni en

sérhver annar sem þarna færi um, en engu að síður lagði hann á það áherslu að fá myndina. Þóttist ég viss um, að bón þessi væri aðeins til málamynda, enda hefði sovétzku nýsnotogararnir, sem skömmu áður lágu undan Gufuskálum, rétt framan við stöðina séð sovétzku leyningjónustunni fyrir myndum af stöðinni og myndir birzt af henni í Þjóðviljanum. Gætti ég þess líka að taka ekki myndirnar fyrr en skuggsýnt var orðið og ártöliverðri fjarlægð. Var þetta hið eina, sem ég gerði nokkru sinni fyrir Alipov, og bauð hann mér greiðslu fyrir ómakið, sem ég ekki þáði. Um miðjan júlí tjáði Alipov mér, að hann væri að fara af landi brott, sennilega alfarinn, en eftirmaður sinn mundi koma til landsins sennilega í október. Kvað hann mig á.t.v. meiga búast við því, að hann mundi vilja hafa sambandk við mig. Af því varð þó ekki.

Líður nú fram undir árslok 1962 og eftirmaður Alipovs létur ekkert til sínheyra, en á þessu tímabili hafði ég enn flutst báferlum, að Reykjavöllum í Mosfellssveit. Þá er það í byrjun desember 1962, að ég kem á heimili Sigríðar Friðriksdóttur, Njálsgötu 7, sem er formaður Kvinnadeildar M.I.R. í Reykjavík. Sagði hún mér, að fyrir skömmu hefði komið til sín Lév Kisilev, ritari í sovétzka sendiráðinu, og hafi hann spurt sig, hvort hún þekkti mig ekki, en hún kvað svo vera. Spurði hann hana þá, hvort ég kæmi ekki í heimsókn til hennar öðru hverju, og játti hún því. Bað hann hana síðan fyrir þau skilaboð til mín, að ég kæmi að hitta sig á heimili hans, Ránargötu 21. Kvöld eitt nokkrum dögum síðar fór ég svo á Ránargötu 21 og hitti þar fyrrnefndar Kisilév. Vildi hann ekkert við mig ræða

á heimili sínu, en spurði mig hinsvegar, hvar ég byggj nú, og hvort hann gæti ekki hitt mig á heimili mínu. Kvað ég ekkert því til fyrirstöðu, þar sem mér lék nú nokkur forvitni á að vita, hvað fyrir honum veki. Mæltum við okkur mót ofan við Ártúnsbrekku kl. 19 að kvöldi hins 12. desember. Kom hann þangað á tilsettum tíma í bifreið þeirri, er Alipov hafði haft til afnota. Var í far með honum túlkur hans, sem mun vera starfsmaður í sóvézka sendiráðinu. Ok ég síðan heim á leið, túlkur Kisilév tók sér far með mér, en Kisilév fylgdi á eftir í sinni bifreið. Eftir að hann hafði spurt lauslega um persónulega hagi mína, atvinnu og afkomu, vék hann skyndilega að því, að ég hefði eitt sinn gert þeim mikinn greiða, sem þeir stæðu í þakkarskuld við mig fyrir. Atti hann við myndatöku mína á Snæfellsnesi. Innti hann mig síðan eftir því, hvort ég mundi í framtíðinni vilja taka fleiri myndir af svipuðum mannvirkjum, sem ég hvorki jéstaði né neitaði. Síðan sagði hann mér frá þeim grun sínum, að á 3. hæð hæð hússins Ránargötu 22, sem stendur andspánis húsi því, er Kisilév býr í, hefði verið komið fyrir einhverjum útbúnaði, sem notaður væri til þess að fylgjast með ferðum hans. Kvaðst ég skyldu reyna að athuga þetta fyrir hann. Mæltum við okkur síðan mót aftur að heimili mínu kl. 19 hinn 7. janúar 1963, og á ég von á heimsókn hans þá. Um leið og Kisilév bjóst til brottfarar tók hann upp úr vasa sínum 4.000 kr, og lét ofan í skál sem stendur á stofuborðinu. Gekk ég þá til hans, tók seðlana með þeim ummælum, að ég vildi þetta ekki og ætlaði að fá honum af þá aftur. Tók hann þá seðlana, lyfti skálinni af borðinu, setti seðlana niður og skálina ofan á.

Mótmælti ég því enn að taka við peningunum, en hann skeytti því engu og kvaddi að svo búnu. Fylgja peningar þessir hér með.

Reykjavík 5. jan. 1963

Ragnar Gunnarsson

(sign.)".

Eins og fram kemur í skýrslu Ragnars, átti hann von á heimsókn starfsmanns sovétka sendiráðsins þ Kisiliév að nafni, og tólks hans klukkan 19.00 mánudagskvöldið 7. jan., en hvað þeim sendiráðsmönnum og honum færi þá á milli þ kvaðst Ragnar eigi vita með vissu, svo að hann tjáði sig samþykkan því, að í stofu sína, sem samtalið við sendiráðsmennina skyldi fara fram í, yrði sett upp tæki, sem nota mætti við að hljóðrita á segulband samtal hans og sendiráðsstarfsmannanna, og að ekkert væri því til hindrunar að tækjum þessum yrði komið fyrir í stofunni sunnudaginn 6. jan., þegar myrkt væri orðið.

Með þessu lauk samtali okkar Ragnars, ~~Með þessu lauk en~~ ég hringdi þegar til lögreglustjórans í Reykjavík, Sigurjóns Sigurðssonar, og hittumst við að litilli stundu liðinni í skrifstofu hans í Pósthússtræti. Skýrði ég lögreglustjóra frá samtali okkar Ragnars Gunnarssonar, og las lögreglustjóri skýrslu hans. Ákváðum við að láta setja upp áður nefnt tæki í stofu Ragnars og hljóðrita samtal hans og sendiráðsstarfsmannanna á segulband. Fengum við til þessa starfa Jón Sigurpálsson, starfsmann útlendingaeftirlitsins, og Jón E. Halldórsson, rannsóknarlögreglumann, sem komu tækina fyrir í stofu Ragnars sunnudagskvöldið 6. jan.

Að loknu samtali lögreglustjóra og mín, fór ég heim til ráðuneytisstjóra, Baldurs Möller, og sagði honum frá mála-vöxtum og afhenti honum ljósrít af skýrslu Ragnars

Gunnarssonar, jafnframt því sem ég skýrð honum frá þeim ráðstöfunum, sem við lögreglustjóri höfðum gert til að láta hljóðrita á segulband samtal þeirra sendiráðsmanna og Ragnars, en ráðuneytisstjóri lýsti sig að öllu leyti samþykkan ráðstöfunum þessum, og tjáði ég lögreglustjóra það.

Mánudagskvöldið 7. janúar fóru þeir Jón Sigurpálsson og Jón E. Halldórrson að Reykjavöllum í Mosfellssveit og hljóðrituðu á segulband samtal Ragnars og sendiráðsstarfsmannanna,

Samkvæmt skýrslu Jóns Sigurpálssonar og Jóns E. Halldórrsonar sáu þeir til ferða tveggja manna er gengu tröðina heim að Reykjavöllum. Var þetta kl. 19.25. Skömmu áður höfðu þeir veitt athygli ljóslausri bifreið, er ók um Reykjadalveg í áttina til Reykja. Heyrðu þeir því næst í gegnum hljóðritunartækin, að aðkomumenn gengu í stofu og heilsuðu húsráðanda. Annar þeirra mælti á enska tungu með greinilega erlendum hreim, og virtist hann vera túlkur hins, sem mælti á rússnesku, en það tungumál töluðu þeir sín á milli. Gestirnir komu með ölföng með sér, því sátt enskumælandi kvaðst vera með "Polar-beer", og kallaði Ragnar þá til konu sinnar og bað hana að koma með glösu svo þeir gætu skálað. Heldur virtust samræðurnar vera þvingaðar til að byrja með. Aðkomumenn sögðu nokkrar smásögur og skáluðu oft við húsráðanda. Þvínæst spurðu þeir Ragnar hvort hafnarverkamennirnir í Reykjavík væru allir íslenskir. Hann kvað þá flestalla vera það. Næst var Ragnar spurður um íbúa hússins Ránargata 22, en það hús stendur andspenis húsi því, er Kissilev býr í. Ragnar kvaðst geta sagt þeim, að á þriðju hæð hússins byggi maður að nafni Ingólfur Þorkelsson og frá hans hendi taldi Ragnar gestina ekkert hafa að óttast. Hann hefði heimsótt Ingólf



daginn áður í einkaerindum og þá tekið eftir því, að á 2. hæð hússins byggi tollvörður, Ekki kvaðst hann vita enn hver ætti heima á 1. hæð, en taldi sig fljótlega geta komist að því, og virtust gestirnir hafa áhuga á að hann gerði það sem fyrst. Því næst spurðu gestirnir Ragnar hvort hann gæti aflað upplýsinga um einhvern af bifreiðastjórum þeim, sem keyrðu verkamenn að og frá vinnu á Keflavíkurflugvelli. Þeir vildu fá að vita nafn og heimilisfang mannsins og hvernig högum hans væri háttað. Ef Ragnari virtust þeir, sem hann leitaði upplýsinga hjá undrast spurningar hans, gæti hann látið í það skína, að hann hefði hug á að afla sér vínfanga af Keflavíkurflugvelli, og því væri hann með þessar eftirgrennslanir.

Gestirnir hófu því næst máls á því, að þeir teldu óráðlegt að koma aftur að Reykjavöllum, bifreið þeirra gæti vakið eftirtekt. Þeir munu nú hafa dregið upp uppdrátt því það heyrðist skrjáfa í pappír og að þeir nefndu "þennan veg" og "þarna". Móttakan var nú ekki eins góð og áður, og mun það hafa stafað af því, að þeir bogruðu allir yfir kortinu. Þó skildist lögreglumönnum, að Ragnar ætti að aka til ákveðins staðar í bíl sínum. Ekki virtist Ragnar ánlgður með þetta fyrirkomulag, og kvað þá vel geta hitzt aftur í húsi hans, því hann ætti lokaðan bílskúr, og gætu þeir ekið bifreið sinni þar inn, og mundi þá enginn óviðkomandi verða hennar var. Gestirnir vildu ekki fallast á þetta sjónarmið, töldu það ekki öruggt, og héldu fast fram sinni skoðun. ¶ Var ákveðið að þeir hittust næst 28. janúar.

Ragnar minntist nú á peningaupphæð, sem skilin hafði verið eftir hjá honum síðast er þeir hittust. Hann kvaðst

ekki vilja taka við peningum af gestunum, hann hefði nóg fyrir sig að leggja, þar sem hann fengi gott kaup, og þar að auki hefði hann tekjur af hænabúi sínu. Það sem hann gerði fyrir gestina, þ.e. upplýsingar, sem hann aflaði fyrir þá, gerði hann af samúð með Rántjórnarríkjunum, og ætlaðist ekki til að fá greiðslu fyrir. Hins vegar fór hann fram á þ það gestirnir útveguðu honum góða myndavél með þremur mismunandi linsum. Hann kvaðst ekki eiga myndavél, og það gæti vakið grun ef hann falaði eftir slíkri vél að láni. Gestirnir fullvissuðu Ragnar um, að hann gæti óhikað tekið við áðurnefndri peningaupphæð, hún væri ekki hugsuð sem greiðsla til hans persónulega, heldur ætti að líta á hana sem gjöf til barnsins, sem þau hjónin settu í vandum. Hvað myndavélinni viðkom, virtust gestirnir ekki vera reiðubúnir að gefa ákveðin svör. Að lokum ítrekuðu gestirnir að Ragnar kæmist eftir því hver byggi á 1. hæð í húsinu Ránargata 22, og einnig að hann leitaði upplýsinga um bílstjóra, sem keyrði verkamenn að Keflavíkurflugvöll. Ef Ragnar hefði einhvern kostnað af eftirgrenslunum sínum, t.d. ef hann þyrfti að bjóða mönnum upp á glas af víni, er hann væri að afla upplýsinga þessarar, þá kváðust þeir vilja greiða þann kostnað. Nú yfirgáfu gestirnir heimili Ragnars og gengu upp á Reykjadalshveginn og austur eftir honum. Þá var klukkan 20.50. Skömmu seinna sáu lögreglumennirnir hamlaljós á bifreið, sem verið var að snúa við, og ók bifreiðin því næst ljóslaus út dalinn í áttina til Reykjavíkur.

Þeir Tveir lögreglumenn, sem staðsettir voru á Ulfarsfellsvegi sáu einnig er gestirnir yfirgáfu heimili Ragnars og gengu eftir Reykjadalshveginum í austurátt og ennfremur sáu þeir, er bifreiðinni var ekið ljóslausri vestur Reykjadalshveginn.

Það skal tekið fram, að skýrsla þeirra Jóns Sigurpálssonar og Jóns E. Halldróssonar er rituð eftir á eftir minni, þar sem ekki reyndist unnt að skrifa neitt niður til minnis meðan fundurinn stóð yfir. Vélritað eintak af hljóðritun fylgir hér með, en er að sjálfsögðu mun ítrl. en skýrsla þeirra.

gekk Ragnar Gunnarsson á fund minn og skýrði mér frá því, hvað fram hefði farið er sendiráðstarfsmennirnir sóttu hann heim mánudagskvöldið 7. janúar. Ber frásögn hans saman við hljóðritun þá, sem framkvæmd var. Ragnar skýrði enn fremur frá því, að ákveðið hefði verið, að hann og sendiráðsmennirnir hittust næst við vegamót Úlfarsfellsveggar og Hafravatnsveggar, mánudaginn 28. janúar, kl. 19.00.

Síðar í janúarmánuði barst mér í hendur skýrsla Ragnars um fund hans með Kissilev og aðstoðarmanni hans mánudagskvöldið 7. janúar, en skýrslan hljóðar svo:

"Þann 7. janúar þessa árs, kl. 19,10, kom Kisselev sendiráðsritari á heimili mitt ásamt túlki sínum. Hóf hann mál sitt með því að segja nokkrar gamansögur, en vék síðan að hugðar efnum sínum.

Spurði hann fyrst, hvers ég hefði orðið vísari um íbúanna á 3. hæð hússins Ránargötu 22. Hvað ég grun hans um að fylgst væri með ferðum hans þaðan ástæðulausan. Kvaðst hann þá hafa áhuga á að vita nokkur deili á íbúum 1. hæðar sama húss, vegna gruns um að þaðan væri haft auga með honum.

Þá vildi hann að ég reyndi að nálgast einhvern bifreiðastjóra, er æki áætlanarbifreiðum til Keflavíkurflugvallar, í því skyni, að bifreiðastjórinn gæti aflað upplýsinga um varnarliðið, vegna daglegrar umgengi sinnar við starfsfólks Keflavíkurflugvallar.

Þessu næst spurði hann hvort allir hafnarverkamenn er störfuðu við affermingu skipa á Reykjavíkurböfn, væru Íslendingar.

Að því búna kvaddi hann og færði mér að skilnaði að gjöf 12 flöskur af áfengum íslenskum bjór."

Að fengnum framangreindum upplýsingum var ákveðið að freista þess að hljóðrita fund Ragnars og hinna sovétsku sendiráðsstarfsmanna mánudagskvöldið 28. janúar.

Samkvæmt skýrslu tveggja lögreglumanna, sem staðsettir voru við gatnamót Úlfarsfellsvegjar og Hafravatnsvegjar þ. 28. janúar, á sáu þeir til ferða bifreiðar kl. 18.48, sem ekið var allgreitt norð-austur Úlfarsfellsveginn og beygt til hægri inn á Hafravatnsveginn. Bifreiðinni var því næst beygt til suð-vesturs inn á Óskotsveginn, en vegur sá er norð-vestan við Hafravatn, skammt frá áður-greindum vegamótum.

Kl. 18.55 veittu lögreglumennirnir athygli bifreiðar, sem kom akandi Úlfarsfellsveginn í suð-vestur og nam bifreiðin staðar við gatnamótin. Var þetta dökkleit lítil bifreið, nokkru minni en bifreið sú er þeir sáu kl. 18.48.

Samtímis þessu kom í ljós bifreiðin, sem ekið hafði verið inn á Óskotsveginn. Var henni ekið að gatnamótunum, snúið þar við og var því næst báðum bifreiðunum ekið Hafravatnsveginn í suð-austur og inn á Óskotsveginn og hurfu sjónum lögreglumannanna.

Skömmu síðar sáu þeir til ferða vörubifreiðar, sem kom akandi suð-vestur Úlfarsfellsveginn og beygt til vinstri inn á Hafravatnsveginn. Þinnig sáu þeir er jeppabifreið var ekið inn á Hafravatnsveginn og ekið suð-austur með vatninu.

Kl. 19.30 sáu lögreglumennirnir til ferða bifreiðar, sem ekið var norð-austur Óskotsveginn og beygt til hægri inn á Hafravatnsveginn og ekið suð-austur með vatninu. Telja þeir að hér hafi verið um sömu bifreið að ræðaz og þeir sáu kl. 18.48, og marka það af ljósum bifreiðarinnar. Var bifreiðinni ekið hægt meðfram vatninu en snúið við fyrir suð-austan vatnið og ekið sömu leið til baka, alla leið að ~~vegamótunum~~ Úlfarsfellsvegar og Hafravatnsvegar, snúið við og ekið til baka inn á Óskotsveginn. Eftir skamma stund komu báðar bifreiðarnar í ljós og var þeim ekið að vegamótunum, og ók starri bifreiðin Úlfarsfellsveginn í suð-vestur, en sá minni í norð-austur. Starri bifreiðinni lýsa lögreglumennirnir svo, að hér hafi verið um að ræða fremur litla/<sup>dökkleita</sup>fólksbifreið með skær framljós og, tvö rauð afturljós og tvö hvít númersljós, staðsett undir skráningarkerkinu.

Lögreglumenn, sem staðsettir voru suð-austan við Óskotsveginn veittu sömuleiðis athygli bifreið, sem ekið var greitt eftir Úlfarsfellsvegnum í norð-<sup>austur</sup> um kl. 18.50. Sáu þeir einnig er áðurgreindum tveimur bifreiðum var ekið inn á Óskotsveginn og lagt þar. Skömmu á eftir sáu þeir til ferða þriðju bifreiðarinnar, sem reyndist vera vörubifreið. Er vörubifreiðinni hafði verið ekið fram hjá þeim heyrðu þeir að bílhurð var skellt og sáu brátt ljós á bifreið, sem ekið var veginn í átt að Óskoti. Bifreiðin festist brátt í aur, hjakkaði lengi í sama farinu og var auðheyrt á vélarhljóðinu að reynt var til hins ýtrasta að losa bifreiðina. Eftir allanga stund tókst að losa bifreiðina og var bifreiðinni því næst ekið norð-austur Óskotsveginn og suð-austur með vatninu. Eftir um það bil 10 mínútur var bifreiðinni að nýju ekið inn á Óskotsveginn

og að þeim stað, er bifreið Ragnars hafði verið skilin eftir. Var því næst báðum bifreiðunum ekið að vegamótum Úlfarsfellsvegur og Hafravatnsvegur. Skildu þar leiðir og var annarri bifreiðinni ekið suð-vestur Úlfarsfellsveginum, en hinn í norð-austur. Var þá kl. um 20.00.

Samkvæmt skýrslu lögreglumann, sem staðsettir voru í Hafravatnsrétt, veittu þeir athygli tveimur bifreiðum, sem ekið var Óskotsveginn í suð-vestur um kl. 19.10. Er bifreiðunum hafði verið ekið nokkurn spöl ók aftari bifreiðin fram fyrir þá, sem á undan fór og hélt áfram veginn að Óskoti. Stjórnandi þeirrar bifreiðar, sem hafði vikið út af veginum, átti í erfiðleikum með að snúa henni við og mátti greina á vélarhljóði bifreiðarinnar, að hún mundi hafa festst. Tók um 20 mín. að losa bifreiðina og var henni því næst ekið í áttina að Hafravatnsvegi.

Á tímabilinu frá kl. 19.30 - 20.00 urðu þeir tvisvar varir við ferðir bifreiða suð-austur Hafravatnsveginum framhá réttinni. Þ í fyrra skiptið var um jeppabifreið að ræða, en í seinna skiptið <sup>litla</sup> fólksbifreið. Fólksbifreiðin ók til baka fram há réttinni eftir ca. 10 mín. og hvarf eftir skamma stund bak við hæð á veginum.

Hljóðritun mistókst og kom síðar í ljós að þráður í tæki því, er Ragnar bar á sér hafði slitnað.

Miðvikudaginn 30. janúar barst mér í hendur skrifleg skýrsla Ragnars Gunnarssonar um fund hans með Kisselev og túlki hans mánudagskvöldið 28. janúar.

Skýrslan er svohljóðandi:

"Þann 28. janúar síðastliðin bar aftur saman fundum okkar, á tilsettum stað og tíma, þ.e. við Hafravatn, kl. 19.00. Ókum við niður að vetninu og skildi ég bifreið mína þar eftir og tók mér far með Kisselev og túlki hans í bifreið þeirra.

Er hann hafði spurt um líðan mína , skýrði ég honum frá því að mjög effitt væri að finna bifreiðastjórannt fyrir hann, vegna þess hve fámenntur hópur þeirra væri. Taldi ég hinsvegar auðveldara að finna einhvern meðal starfsmanna Keflavíkurflugvallar, er byggju í Reykjavík og færu daglega á milli í einkabifreiðum. Lagði hann þá áhersluá að slíkur maður yrði að vera starfsmaður á Flugvellinum, en ekki starfandi í Keflavík. Spurði hann þá hvort slíkur maður hefði ekki möguleika á að kynnst bandarískum hermönnum. Bað hann mig síðan að halda þessum eftirgrennslunum áfram, bæði með bifreiðastjórannt og íbúa 1. hæðar hússins Ránargata 22. Ákváðum við síðan næsta fund okkar þann 25. bebrúar kl. 20.30 á sama stað.

Reykjavöllum 28. janúar 1963.

Ragnar Gunnarsson

(sign.)".